



Reykjavíkurborg
Kjarapróunardeild

Alþingi
Erindi nr. P 130/852
komudagur 26.1.2004

Reykjavík, 19. janúar 2004
R03120088
175

UMSÖGN

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Sendandi: Forstöðumaður kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, uppsögn

Fjármálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum. Tilgangur frumvarpsins er að fella niður skyldu forstöðumanna stofnana ríkisins að veita starfsmanni skriflega áminningu áður en til uppsagnar (lausnar úr stöðu) getur komið ef rekja má ástæður uppsagnarinnar (lausnarinnar) til þess að starfsmaður hafi brotið starfsskyldur sínar eða uppfylli ekki lengur þær kröfur sem starfið gerir til hans. Ennfremur að ákvæði stjórnvæðisráðs taki ekki til ákvarðana af þessum toga, þ.e. að þessar ákvarðanir teljist ekki stjórnvaldsákvarðanir skv. l. nr. 37/1993.

Ljóst er að lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um starfsmenn sveitarfélaga, þ.m.t. starfsmenn Reykjavíkurborgar. Í áðurgildandi sveitarstjórnarögum, nr. 8/1986, var ákvæði sem tengdi réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga við þágildandi lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta samhengi var rofið við setningu sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og því mun nefnt frumvarp ekki hafa nein bein réttaráhrif hjá Reykjavíkurborg ef samþykkt verður.

Ef Alþingi samþykkir frumvarpið óbreytt mun það fela í sér að ekki verður litið á uppsögn eða lausn starfsmanns ríkisins sem stjórnvaldsákvörðun, en um stjórnvaldsákvörðun er því aðeins að ræða að stjórnvald hafi tekið ákvörðun í skjóli stjórnvæðisráðs, skv. 2. mgr. 1. gr. ssl. 37/1993. Óbeinu áhrif lagasetningarinnar ættu þá að verða þau að dómstólar myndu ekki líta á uppsögn starfsmanns hjá Reykjavíkurborg sem stjórnvaldsákvörðun, sem til þessa hefur ekki verið einhlítt í dómaframkvæmd. Ákvörðun um uppsögn starfsmanns Reykjavíkurborgar byggir á efni kjara- eða ráðningarsamnings hverju sinni. Í þessu samhengi verður að halda til haga að Reykjavíkurborg hefur gert kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna við stéttarfélög sem fela í sér að skylt er að áminna starfsmann og gefa honum tækifæri til andmæla áður en til uppsagnar getur komið ef starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem starfið gerir til hans.

Hafa ber í huga í þessu sambandi einnig að í gildi eru lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla með skýr ákvæði um skyldu vinnuveitanda að beita áminningu gagnvart starfsmanni sem hann hyggst veita lausn eða segja upp ef rekja má þá ákvörðun til þess að starfsmaður hafi brotið starfsskyldur sínar eða uppfylli ekki lengur þær kröfur sem starfið gerir til hans, sbr. 7. og 30. gr. laganna. Nefnt lagafrumvarp til breytinga á lögum nr.70/1996, mun hafa bein réttaráhrif á réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda við framhaldsskóla en ekki hafa bein réttaráhrif á réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem heyra undir lög nr. 72/1996. Ekki væri óeðlilegt að annað tveggja myndi gilda um kennara og skólastjórnendur við grunnskóla hliðstæðar reglur og gilda um kennara og skólastjórnendur við framhaldsskóla eða þær almennu reglur sem gilda samkvæmt kjarasamningum um starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Í umræðum á Alþingi um frumvarpið kom skýrt fram af hálfu fjármálaráðherra að uppsögn eða lausn gagnvart starfsmanni ríkisins verður áfram að byggja á málefnalegum ástæðum enda þótt réttur til áminningar, andmæla eða skriflegra skýringa á ástæðum uppsagnar (lausnar) sé felldur brott, sbr. 21., 26. og 44. gr. laga nr. 70/1996.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er lögð mikil áhersla á að hliðstætt gildi um starfsmenn sveitarfélaga og starfsmenn ríkisins um túlkun stjórnisýsluréttarins í þessum efnum. Mikilvægt er að skýrt liggja fyrir - ef umrætt frumvarps verður að lögum - að ákvæði stjórnisýslulaga eigi ekki við um ákvarðanir um starfslok opinberra starfsmanna, hvort heldur sem það eru starfsmenn ríkisins, Reykjavíkurborgar eða annarra sveitarfélaga.



Birgir Björn Sigurjónsson